



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindadeild

Opinber einsemd:

*Þversagnakenndar fígúrur
í orðræðu íslenskra ástarsöngva*

Ritgerð til B.A.-prófs í almennri bókmenntafræði

Eyrún Lóa Eiríksdóttir

September 2008

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið

Íslensku- og menningardeild

Opinber einsemd:

*Þversagnakenndar fígúrur
í orðræðu íslenskra ástarsöngva*

Ritgerð til B.A.-prófs í almennri bókmenntafræði

Eyrún Lóa Eiríksdóttir

Kt.: 130480 4389

Leiðbeinandi: Gottskálk Þór Jensson

September 2008

Ágrip

Opinber einsemd elskandans hljómar í eyrum okkar alla daga en hún birtist m.a. í þversagnakenndum fígúrum í orðræðu íslenskra ástarsöngva. Hverjar eru þessar fígúrir og hver er uppruni þeirra? Hvaðan kemur þessi ást, er hún séríslenskt fyrirbæri? Hvað á ástin í dægurlögum sameiginlegt með ástarljóðahefðinni? Leitast verður við að svara þessum spurningum og fleirum í þessari ritgerð.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1 Almenn umræða um íslensk dægurlög	3
1.1 Fyrri rannsóknir: Uppruni, áhrif og þróun íslenskra dægurlaga	3
1.2 Opinber einsemd elskandans	7
2 Hvað einkennir ástina í íslenskum dægurlögum?	11
2.1 Vinsælir dægurlagatextar í þjóðarsál Íslendinga	11
2.2 Yfirlit yfir íslenska dægurlagatexta sem fjallað er um í ritgerðinni.....	13
2.3 Og elskandinn tekur til máls og segir... ..	15
2.4 Er ástin í íslenskum dægurlögum íslensk eða alþjóðleg?	20
2.5 Dæmi um hliðstæðar fígúrur í íslenskum og enskum lagatextum	21
3 Ástin í dægurlögum og fornum kveðskap	24
3.1 Líkamleg ást.....	24
3.2 Sálufélagar.....	26
3.3 Stupid Cupid stop pickin' on me	29
Samantekt	33
Heimildaskrá	34

Inngangur

Opinber einsemd elskandans og þá helst orðræða hans er áberandi í dægurmenningu nútímans. Hér verður leitast við að benda á þversagnarkenndar fígúrir í orðræðu íslenskra ástarsöngva og fjallað um ástina almennt eins og hún birtist í vinsælum dægurlögum.

Fyrri rannsóknir verða ræddar, þ.e. uppruni, þróun og áhrif dægurlagsins á aðrar bókmenntagreinar. Reynt verður að svara spurningunni hvort fígúrunar í orðræðu ástarinnar eigi uppruna sinn í dægurlögum eða lágkúltúrkveðskap eða hvort þær eiga uppruna sinn að rekja annars staðar frá. Einnig verður fjallað um frægt rit Roland Barthes *Brotakennd orðræða elskandans* og þá helst fígúruhugmynd hans en í inngangi þessa rits heldur hann því fram að í ástarjátningu nútímans sé innbyggð þversögn þ.e. að allir elskendur upplifi ástina með sambærilegum hætti og noti orðræðu hennar með svipuðum fígúrum en elskandinn sé þrátt fyrir það einangraður og einmana í nútímasamfélagi.

Ennfremur verður fjallað um hvað einkennir ástina í íslenskum dægurlögum, einkum hvernig vinsælir dægurlagatextar búa um sig í þjóðarsál Íslendinga og hver tengsl orðræðunnar sé við vinsældirnar. Jafnframt verður reynt að skýra ástæður fyrir áberandi fjarveru kvenskálda þegar litið er til vinsælla dægurlagatexta. Birt verða dægurlagatextabrot og þau greind með hliðsjón af áður nefndri fígúruhugmynd Roland Barthes. Því næst verður reynt að svara spurningunni hvort ástin í íslenskum dægurlögum sé íslensk eða alþjóðleg og einnig hvort ástin í ástarkveðskap Íslendinga sé séríslenskt fyrirbæri. Þá verða birt dæmi um hliðstæðar fígúrir í íslenskum og enskum lagatextum.

Fjallað verður um ástina í dægurlögum í tengslum við fornan kveðskap en ástin í dægurlögum á margt sameiginlegt með ástarljóðahefðinni. Þar má finna sameiginleg minni og verða þrjú þeirra rædd þ.e. líkamleg ást, sálufélagar og ástarsjúkdómurinn.

1 Almenn umræða um íslensk dægurlög

1.1 Fyrri rannsóknir: Uppruni, áhrif og þróun íslenskra dægurlaga.

Tiltölulega fáar rannsóknir hafa verið gerðar á textagerð íslenskra dægurlaga. Þó er textagerðin tekin til nokkurrar umfjöllunar í rannsóknum á sjómannalögum og djass- og dægurlagatónlist á síðari hluta síðustu aldar. Einnig hefur textagerð einstakra tónlistarmanna verið rannsökuð en rannsóknarefnið þá bundið ákveðnum tímabilum þ.e. leitast við að gefa heildstætt yfirlit. Engar rannsóknir fundust á ákveðnum einkennandi fyrirbærum í íslenskum dægurlögum eins og verður fjallað um í þessari ritgerð.

Í BA-ritgerð Karls Jóhanns Garðarssonar *Óþjóðleg tónlist? Viðhorf til djass- og dægurlagatónlistar 1945-1956* er fjallað um tónlistarlífið á þeim tíma sem var töluvert frábrugðið því sem það er í dag en vinsældir tónlistarmanna, hljóðfæraleikara og söngvara byggðust á þremur þáttum þ.e. spilamennsku á dansleikjum, útvarpsspilun og umfjöllun í blöðum og tímaritum. Í fyrstu birtu tímaritin vinsæla dægurlagatexta á ensku en upp úr 1953 fóru þeir að birtast á íslensku og fljótlega urðu þeir allir á íslensku. Íslenskir dægurlagatextar birtust í hinum ýmsu tímaritum en ekki þótti mikið varið í þá efnislega séð.¹ Þessi þrjú atriði tóku svo stakkaskiptum eftir að plötuútgáfa stórjókst um miðjan 6. áratuginn en með henni breyttust einnig textalegar áherslur en krafan var sú að allt væri eins íslenskt og hægt var þ.m.t. textarnir.²

Danslagakeppni skemmtiklúbbs templara (SKT) var fyrst haldin árið 1950. Aðaláherslan var lögð á lagahöfundana en textahöfundar fengu viðurkenningu fyrir sitt framlag síðar þegar veitt voru verðlaun fyrir íslenska texta. Einnig voru nöfn höfundanna birt með nótunum við verðlaunalögin og viðurkenningin því einnig höfundafræðilegs eðlis.³ Með danslagakeppninni breyttist textagerðin og batnaði að mati flestra. Aukin fjölbreytni var í efnisvali frá því sem áður var, í stað þess að fjalla um „brennandi þrá“ og „blæðandi hjörtu“ urðu íslenskar aðstæður textahöfundum hugleiknar.⁴ Flestir textar voru þó með keimlíku umfjöllunarefni en innan ákveðins ramma þ.e. sveitalífið, sjómennskan og ástin sem kom fyrir á margvíslegan hátt.⁵

Í BA-ritgerð Guðbjargar Sigurgeirsdóttur *Dægurlög um sjómenn, frá danstónlist til baráttusöngva* byrjar höfundur umfjöllunina um innreið rokksins á Íslandi á síðari

¹ Karl Jóhann Garðarsson, 2004:9-10

² Karl Jóhann Garðarsson, 2004:21

³ Karl Jóhann Garðarsson, 2004:19

⁴ Karl Jóhann Garðarsson, 2004:0

⁵ Karl Jóhann Garðarsson, 2004:21

hluta sjötta áratugarins. Íslenskir textahöfundar urðu fyrir áhrifum frá því sem var að gerast í útlöndum, einkum Bandaríkjunum en löguðu textana að íslenskum aðstæðum. Var þá nærtækast að líta til aðalatvinnuvegar Íslendinga á þeim tíma þ.e. sjómennskunnar.⁶

Sjómannaögin voru hversdagsleg og höfðu vel til unga fólksins. Textagerðin einkenndist af staðalímyndum og hugmyndum sem tengdust þeim þ.e. hinum sterka karlmanni sem stundaði sjóinn og var kvennagull í landi. Í ritgerðinni er mjög athyglisverður kafli um *Ástir og ævintýr* en þar var því haldið fram að flestir rómantískir dægurlagatextar frá þessum tíma tengdust síldarævintýrinu svokallaða. Ástarmálin eru aðalrykisefnið þ.e. fjallað um kvennagullin sem færa sig á mismunandi mið þ.e. fiskimið og ástarmið.⁷ Hvað ástina varðar er staða konunnar tvenns konar, fjallað er um tryggu eiginkonuna í landi sem ber ábyrgð á heimilisrekstrinum en einnig hina léttúðugu konu sem sjómaðurinn notar sem „leikfang“.⁸

Höfundur heldur því jafnframt fram að hlutverk dægurlaga sé að „viðhalda ímyndum eða goðsögnum sem viðhalda ríkjandi ástandi þjóðfélagsins“ og að textarnir endurspegli hugmyndafræði þjóðfélagsins.⁹ Af þessu má því álykta að dægurlagatextarnir séu að einhverju leyti söguleg heimild um ástir og ævintýri sjómanna á þessum árum ef hugsað er til kenningar Aristótelesar um mimesis þ.e. að listin sé eftirlíking þess sem er.¹⁰

Í BA-ritgerð Arnórs Haukssonar *Slappaðu af. Dægurlagatextar Þorsteins Eggertssonar* fjallar höfundur um þróun í textagerð skáldsins og hvernig áherslurnar breytast við nýjar tónlistarfræðilegar hugmyndir eða skeið. Höfundur byrjar umfjöllunina á því að fjalla um tilgang dægurlagatexta og telur þá eiga sér markaðsfræðileg lögmál. Einnig fjallar hann um upphaf unglíngamenningar á Íslandi með tilkomu rokksins og hvernig ákveðinn lífsstíll varð til og hugmyndafræði.¹¹ Því næst fjallar hann um *Bítlana* og hvernig þeir hafi verið einir af upphafsmönnum þess að semja tónlistina sína að mestu leyti sjálfir en þessi viðhorfsbreyting náði til Íslands en mætti nokkurri mótstöðu þar sem málsmetandi menn töldu þetta vera vonlaust.¹²

Þorsteinn Eggertssonar kom heim til Íslands árið 1965 og hófst handa við að semja í

⁶ Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, 2007:8

⁷ Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, 2007:19-20

⁸ Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, 2007:21 og 24

⁹ Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, 2007:34

¹⁰ Sveinn Yngvi Egilsson, 2008:5

¹¹ Arnór Hauksson, 2002:5

¹² Arnór Hauksson, 2002:6

ríkjandi hefð þess tíma þ.e. hugljúf ástarlög sem hneyksluðu enga.¹³ Áratug seinna var hippamenningin í algleymingi og Þorsteinn hélt áfram að semja sakleysisleg ástarljóð með *Hljómum* en skv. Gesti Guðmundssyni sem höfundur vísar í var textagerð á hippatímabilinu einsleit og miðaðist við það að fjalla um ást og frið án skáldlegra tilþrifa.¹⁴ Er niðurstaða höfundar ritgerðarinnar að textagerð Þorsteins Eggertssonar hafi ekki verið listsköpun heldur mikið frekar iðnaður með það að augnamiði að selja.¹⁵ En ekki er tekið til umfjöllunar hvers vegna þessi sakleysislegu lög höfðu til fólks, hvers vegna það var nákvæmlega þetta fyrirbæri „ást“ sem höfðaði svona mikið til fólks og var seljanlegri en önnur fyrirbæri.

Athyglisvert er að um sama leyti og íslenska dægurlagið var að „fæðast“ þ.e. á 5. áratugnum áttu sér stað miklar breytingar í íslenskri ljóðagerð. Í cand. mag ritgerð Eggerts Þórs Bernharðssonar *Bókaþjóð í borg: Tengsl skáldskapar og borgarmyndunar á Íslandi 1940-1990* er fjallað um þessar breytingar og þau ungskáld sem komu fram á sjónarsviðið og breyttu ríkjandi hefðum og háttum. Þau mættu harðri mótspyrnu þeirra sem héldu í heiðri hinu hefðbundna ljóði og miklar umræður sköpuðust í þjóðfélaginu um gamla og nýja ljóðlist, svipuð þeirri umræðu sem átti sér stað um dægurlagið. Með þessari uppreisn hrintu ungskáldin formbyltingunni í framkvæmd og móðernisminn hóf innreið sína á Íslandi.¹⁶

Reykjavík var miðdepill fjöldamenningarinnar sem kom fyrst til Íslands með hernáminu en hélt áfram að þróast eftir seinni heimsstyrjöldina. Borgarbúar sóttust eftir ýmiskonar afþreyingu í amstri dagsins þ.e. sóttust eftir dægurmenningu og ýmiskonar léttmeti þ.e. ástarsögum, kvikmyndum og dægurlagatónlist eins og fjallað var um hér að ofan. Þeir sömu og höfðu barist fyrir hinu nýja ljóðaformi fögnuðu ekki dægurmenningunni, heldur þvert á móti hófu að berjast gegn henni undir lok 6. áratugarins. Ólíkir hópar tóku höndum saman til varnar hinu „þjóðlega“¹⁷ en þetta hafði mikil áhrif á dægurlagið sem átti eins og kom fram í ritgerð Karls Jóhanns að vera íslenskara en allt íslenskt.¹⁸ Í stað þess að sækjast eftir torræðum myndum, móðernískri upplausn veruleikans og firringu mannsins sótti almenningur í dægurlög sem mörg hver

¹³ Arnór Hauksson, 2002:7-8

¹⁴ Arnór Hauksson, 2002:13

¹⁵ Arnór Hauksson, 2002:26

¹⁶ Eggert Þór Bernharðsson, 1992: <http://www3.hi.is/~eggthor/bokathjodljodV.htm> og <http://www3.hi.is/~eggthor/bokathjodljodVI.htm>

¹⁷ Eggert Þór Bernharðsson, 1992: <http://www3.hi.is/~eggthor/bokathjodljodVII.htm>

¹⁸ Karl Jóhann Garðarsson, 2004:21

fjölluðu um ástina.¹⁹ Íslenskum mórmodernistum hugnaðist ekki dægurmenningin og sú staðreynd að almenningur sótti í ástarkveðskap og ástarsögur en í ritgerð Eggerts Þórs er að finna umfjöllun um hið síðarnefnda.²⁰

Þó má benda á eina áberandi undantekningu þar sem mórmodernismi og dægurmenning mættust þ.e. í borgar- en jafnframt ástarsöngvaskáldinu Megasi. Það má segja að hann hafi gefið ástarkveðskapnum svolítið virðulegri blæ í íslenskum dægurlögum og brúað bilið milli hámodernismans og dægurlagsins. Í BA-ritgerð Margeirs Gunnars Sigurðssonar *Þér ég syng litla sollna Reykjavík: Loftmynd Megasar* er því haldið fram að Megas sé „einhver snjallasti textasmiður okkar Íslendinga og jafnframt einn umdeildasti listamaður þjóðarinnar“. Lög af fyrstu plötu hans voru bönnuð í Ríkisútvarpinu og úthröpuð af áhrifamönnum í Reykjavík. Margir voru á þeirri skoðun að boðskapur textanna væri hættulegur æsku landsins.²¹ Dægurlagatextagerð tók miklum framförum á pönk- og nýbylgjutímanum þegar margar íslenskar hljómsveitir stigu fram og var þar með búinn til farvegur fyrir þessari hefð og dægurmenningin komin á hærra plan.²² Árið 2000 var Megasi veitt verðlaun íslenskrar tungu sem kennd eru við Jónas Hallgrímsson. Þessi verðlaun eru veitt þeim sem hefur lagt mikið á vogarskálar íslenskrar tungu og auðgað málið.²³ Það má því segja að textaskáldið hafi fengið nokkra uppreisn æru og um leið færðist kveðskapur hans á annað stig nær hámenningu.

En samhliða hefðbundnum ástarkveðskap dægurlaganna þreifst önnur kvæðahefð sem tók sig mun alvarlegar og þjónaði öðrum tilgangi e.t.v. til að brúa bilið milli hins háklassíska ljóðaforms og lágkúltúrs dægurmenningarinnar. Ákveðin tengsl mynduðust milli mórmodernískrar ljóðagerðar í Bandaríkjunum og Þýskalandi en þessara tengsla varð ekki vart á Íslandi. Dæmi um þessi tengsl er þýðing Ezra Pound og Noel Stock á fornegyptskum ástarljóðum 1960-62 sem egyptológinn Boris de Rachewiltz hafði gefið út í ítölskum þýðingum þremur árum fyrr.²⁴ Þar er um að ræða tengingu fornegyptsk ástarkveðskapar við mórmodernismann. Það er því ljóst að á meðan íslensku mórmodernistarnir voru uppteknir að andmæla ástarkveðskapnum voru erlendir fræðimenn og mórmodernísk skáld á þeirri skoðun að þarna væri um mikilvægt umfjöllunarefni að ræða. Það má jafnvel halda því fram að þeir hafði vísvitandi reynt að upphefja

¹⁹ Eggert Þór Bernharðsson, 1992: <http://www3.hi.is/~eggthor/bokathjodljodVII.htm>

²⁰ Eggert Þór Bernharðsson, 1992: <http://www3.hi.is/~eggthor/bokathjodbaekurIII.htm>

²¹ Margeir Gunnar Sigurðsson, 2008:4

²² Andrea Jónsdóttir, 2000:63

²³ Margeir Gunnar Sigurðsson, 2008:7

²⁴ *Love Poems of Ancient Egypt: A New Direction Book*

ástarkveðskapinn með því að gera tilraun til að bræða saman fornaldar- og nútímakveðskap eins og dæmið hér að framan sýnir. Sem dæmi um annan fræðimann er Roland Barthes sem leitaðist við að greina orðræðu ástarinnar með mælsku- og málfræðilegum hætti.²⁵

1.2 *Opinber einsemd elskandans*

Hér verður beitt sömu nálgun og í frægu riti Roland Barthes um brotakennda orðræðu elskandans²⁶ en í upphafskafla þess er nálgunin útskýrð á þann veg að um sé að ræða portrett ákveðinnar formgerðar þ.e. lesandanum er boðin orðræða einhvers sem á í innri ástúðlegri umræðu við sjálfan sig, andspænis hinu ástúðlega viðfangi sem þó talar ekki. Þessi brotakennda orðræða er einnig kölluð fígúra sem er latneskt hugtak úr klassískri stíl- og mælskufraði og er notað m.a. af Ólafi Þórðarsyni í *Þriðju málfræðiritgerðinni*. Fígúruna á að skilja sem svo að þar sé elskandinn að verki, ákveðin orðræða sem hægt er að bera kennsl á með upplifun við lestur eða því sem er hlustað á (hægt að yfirfæra þetta yfir á dægurlagatexta). Fígúran er sett fram sem tákni sem hægt er að muna eftir líkt og frásögn eða mynd. Flestir bera kennsl á þessar kunnuglegu fígúrir og kannast þar með við það sem lagt er fram í þessari ástúðlegu orðræðu.²⁷

Í grein Dagnýjar Kristjánsdóttur um fjöldaframleiddar ástarsögur er því haldið fram að mun fleiri sæki sínar ástarsögur í fjölda- og afþreyingarmenningu nútímans, sem dægurlögin sannarlega tilheyra, en hámenningarleg bókmenntaverk.²⁸ Þau dægurlög sem hafa þessar kunnuglegu „ástar“ fígúrir eru því líklegri til vinsælda en önnur. Ef til vill má finna skýringuna í því að flestir upplifa það á lífsleiðinni að vera ástfangnir og geta því samsamað sig þeim fígúrum og þeirri orðræðu sem í þeim birtast.²⁹ Þeir njóta þess ennfremur að hlusta á þessi ástardægurlög og öðlast þar með nokkurskonar kaþarsis eða útrás tilfinninga sem bærast í þeirra eigin brjósti. En „að velta sér upp úr ást“ er vel þekkt fyrirbrigði í nánast öllum þekktum mannlegum samfélögum fyrr og síðar (sbr. egypsku ástarkvæðin frá 2. árþúsundi). Á Vesturlöndum nú á tímum má því til stuðnings líta á hvernig ástin er markaðssett í fjölmiðlum t.d. fyrir Valentínusardaginn.

²⁵ Gottskálf Þór Jenson 2008

²⁶ Á frummálinu *Fragments d'un discours amoureux*

²⁷ Roland Barthes 1977:3-4

²⁸ Dagný Kristjánsdóttir 2002:1

²⁹ Roland Barthes 1977:4

Roland Barthes heldur því fram í formálsorðum bókar sinnar að í ástartjáningu nútímamannsins sé innbyggð þversögn þ.e. að allir elskendur upplifi ástina með sambærilegum hætti og noti orðræðu ástarinnar með svipuðum fígúrum. En þótt um sé að ræða svo útbreiddar tilfinningar og tjáningu á þeim sé elskaðinn í nútímasamfélagi einangraður og jafnvel einmana og fyrirlitinn vegna tilfinninga sinna. Því mætti halda fram að annars vegar sé ástin gerð að söluvöru og markaðssett og hins vegar sé elskaðinn útskúfaður og fyrirlitinn. Ef þetta er rétt er ekki erfitt að skýra hvers vegna sú útbreidda en um leið ranga hugmynd að fígúrunar í orðræðu ástarinnar eigi uppruna sinn í dægurlögum eða lágkúltúrkeðskap en ekki í bókmenntum. Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að þær eiga nánast allar uppruna sinn í klassískum bókmenntum eins og þeim sem Roland Barthes sækir dæmi sín í.

Í inngangsorðunum fer Barthes jafnframt nokkrum orðum um hvers vegna hann hafi skrifað ritið en hann segir „Þörfina fyrir þessa bók má skýra í þessu tilliti: Orðræða elskaðans í dag einkennist af umtalsverðri einsemd“. Þessi orðræða er samkvæmt Barthes töluð af þúsundum manneskja en þó algjörlega útskúfuð frá tungumálinu. Hún er virt að vettugi, spottuð auk þess að vera gjörsamlega útilokuð af yfirvöldum og kerfi hinna ráðandi afla sem stjórna mikilsverðum stofnunum í samfélaginu svo sem listum, vísindum og annarri menningu.³⁰ Þessi mikilvæga orðræða ástarinnar og hin þaggaða yfirlýsing hennar er m.ö.o. aðalefni bókarinnar. Hugur elskaðans þeysist áfram og hann hefur enga stjórn á honum þar sem hann er ávallt í samsæri gegn sjálfum sér þ.e. orðræðan springur út í tungumálinu og á sér stað við hverskyns kringumstæður.³¹

Hver fígúra hefur ákveðna fyrirsögn og yfirskrift en hún er ekki skilgreining heldur samantekt eða greinargerð um hana. Því hver einstaklingur skilur fígúruna á sínum forsendum. Undir hverri fígúru er lykilsetning sem er oft óþekkt eða ómeðvituð en er þó notuð í táknerfi elskaðans. Sem dæmi tekur Barthes þegar elskaðinn bíður eftir ástarviðfanginu og nokkurskonar setningaáriá fer í gang í huga elskaðans: „Hvers vegna lætur hún/hann mig bíða...“ og fígúran „bíð“ er þar með komin til sögunnar. Þessar lykilsetningar hvísla tilfinningaþrungið og renna svo út í sandinn þar sem hlutverk þeirra hefur verið uppfyllt.³²

Á lífsleið hverrar manneskju koma fígúrunar fyrir í ástarlífinu án nokkurs skipulags og því í hvaða röð sem er án nokkurs röklegs samhengis. Barthes tiltekur að

³⁰ Roland Barthes, 1977:1

³¹ Roland Barthes, 1977:3

³² Roland Barthes, 1977:6-7

það hafi verið nauðsynlegt að setja fígúrnar fram í tilviljanakenndri röð til að forðast þá gildru að búa til einskonar „skrímsli“ þ.e. heimspeki ástarinnar (sem er ógerlegt). Þó reynir hann að setja fígúrnar upp á ákveðinn hátt e.t.v. til að auka aðgengi lesenda þ.e. hann setur þær stafrófsröð og hver fígúra fær bara tvö til þrjú nafnorð.³³

Í lok inngangskafans segir Barthes að til þess að semja þetta ástúðlega verk hafi hann sett saman verk af ýmsum toga: *Werther* eftir Goethe, *Samdrykkjuna* eftir Plató, *Zen*, sálgreiningarrit, dulræn rit, Nietzsche og þýsk ljóðasönglög. Einnig nokkur atriði frá vinum og eitthvað frá sjálfum sér. Nöfn og upphafsstafi setti hann svo stundum til hliðar við textann sem nokkurskonar kveðju til þeirra sem gerðu honum kleift að öðlast betri skilning á orðræðu elskandans. Það sem hann notar er samansafn af brotum í umræðustíl, stjórnað af minninu einu saman þ.e. því sem hann man eftir að hafa heyrt, lesið eða sagt.³⁴

Bóklegu heimildirnar sem eru hvað fyrirferðarmestar í verkinu tilheyrja klassískum bókmenntum. Það má því segja að Barthes sé þarna að brúa bilið milli lágkúltúrs og hákúltúrs þ.e. reyna að taka orðræðu elskandans sem gilda og upphefja hana svo hún verði ekki framar virt að vettugi.

Werther eftir Goethe er hvað oftast nefndur í bók Barthes en sagan var skrifuð af Goethe árið 1774 og segir frá því hvernig Werther ungi verður yfir sig ástfanginn af Lottu sem er heitbundin öðrum manni. Í káputexta bókarinnar segir: „Werther sannreynir að illt er að leggja ást við þann sem enga leggur á móti; hann lendir í sálarstríði sem vex stig af stigi uns örvænting hans verður alger“.³⁵ Það er einmitt þetta sálarstríð sem býr til orðræðu elskandans, hver fígúran sprettur fram á fætur annarri en Barthes segir á einum stað að ef elskandinn væri fullnægður hefði hann þar með enga þörf til að skrifa, miðla eða fjölga sér.³⁶ Þessi þörf er einungis til staðar ef elskandinn er þjáður og ófullnægður en Werther var það.

Samdrykkjan eftir Platon er eitt merkasta rit heimsbókmenntanna um forngríska menningu en þar setur Platon fram hugmyndir sínar um ást og fegurð. Þessar hugmyndir hafa löngum verið mönnum hugleiknar³⁷ en Barthes segir í inngangi sínum að hann hafi lesið það gríðarlega mikið. Enda er fyrirferðarmikil hugmyndin um *hinn* helminginn hjá Barthes t.d. í kaflanum um dásamlegu fígúruna þar sem hann segir: „Milljónir líkama

³³ Roland Barthes, 1977:8

³⁴ Roland Barthes, 1977:8-9

³⁵ Johann Wolfgang Goethe, 1987: aftan á bókakápu

³⁶ Roland Barthes, 1977:56

³⁷ <http://www.hib.is/bokdetail.asp?ID=36>

munu mæta mér á lífsleiðinni; af þessum milljónum mun ég girnast einhver hundruð en af þessum hundruðum mun ég elska aðeins einn. *Hinn* sem ég er ástfanginn af og sýnir mér farveg minnar sérsniðnu þrár“. Einnig er honum hugleiknar hugmyndir um orðræðu, fegurð, mannkúlur og margt fleira sem hann tengir við fígúrnar.

Aðrar heimildir eru eins og áður sagði sálgreiningarlegs eðlis (Freud), heimspekileg (Nietzsche), trúarbrögð (*Zen*), dulræn efni og einnig tónlistarlegs eðlis en athyglisvert er að Barthes nefnir einnig þýsk ljóðasönglög og óperur (Wagner). Þýsk ljóðasönglög eiga uppruna sinn í rómantík 19. aldar en ástin, hetjudáðir og dauðinn voru aðalviðfangsefni þeirra og kallast það vel á við fígúrn Barthes.³⁸ Báðar tónlistarstefnurnar tilheyra klassískri tónlist og eru því í sama flokki og bókmenntaverkin og eru fulltrúar sinnar menningarlegu stofnunar.

Fígúrn Barthes eru áttatíu talsins og hver þeirra er fulltrúi þeirrar fígúru sem skýtur upp kollinum í brotakenndri orðræðu elskandans við hvaða tækifæri sem er. Þær eiga það allar sameiginlegt að vera magnþrungnar og tilfinningaríkar enda býr elskandinn yfir mikilli ástríðu og frumkrafti þeim sem knýr manneskjur áfram þ.e. í leit að maka og heimili. Elskandinn elskar, þjáist, tjáir sig óhindrað og hugmyndaflugið er ótakmarkað.

Barthes er tíðrætt um fjarveru hins elskaða viðfangs, hvað það er óbærilegt fyrir elskandann að vera fjarri elskunni sinni og er dæmi tekið um barn sem bíður eftir móður sinni. Móðir og barn eru heildin í upphafi lífsins (meðganga, brjóstagjöf o.fl.) en þessi heild tekur á sig aðra mynd síðar meir þegar leitin að hinum týnda helmingi hefst (makaleit).

Tilgangur bókarinnar er að færa orðræðu elskandans til lesenda (sem eru sjálfir elskendur), vekja athygli á henni, sætta hana við mikilsverðar menningarlegar stofnanir og færa hana þar með úr útlegð. Um leið og lesandinn hrópar upp yfir sig „Ég þekki þessar aðstæður, ég þekki þessa orðræðu“ er tilganginum náð.³⁹

³⁸ http://is.wikibooks.org/wiki/Saga_%C3%BE%C3%BDska-lj%C3%B3%C3%B0sins

³⁹ Roland Barthes, 1977:4

2 Hvað einkennir ástina í íslenskum dægurlögum?

Hugtakið „ást“ vísar til sammannlegra tilfinninga sem hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Ýmsir fræðimenn hafa skilgreint hugtakið og byggjast þær greiningar á mismunandi þjóðfélags- og hugmyndafræðilegum þáttum. Í þessari umfjöllun verður notast við þá merkingu orðsins „ást“ eins og hún kemur fyrir í daglegu máli en einskorðuð þó við það samhengi er varðar tilfinningar og sambönd milli mannfólks.

2.1 Vinsælir dægurlagatextar í þjóðarsál Íslendinga

Dægurlagatextarnir sem vísað er til í þessari ritgerð eiga það allir sameiginlegt að hafa verið sungnir í aðalmiðlum dægurmenningarinnar þ.e. útvarpi og sjónvarpi. Einnig var litið til hinna ýmsu vinsældalista þ.e. valin lög sem voru ofarlega á þeim.⁴⁰ Ástarlög eru áberandi á slíkum listum, t.d. var lagið „Þú komst við hjartað í mér“ í efsta sæti svo vikum skipti á tónlistarvefnum tónlist.is og ekki nóg með það heldur voru tvær útgáfur vinsælar af þessu sama lagi þ.e. diskóútgáfa Páls Óskars Hjálmtýssonar og róleg útgáfa hljómsveitarinnar Hjaltalíns. Skoðanakannanir á vinsældum dægurlaga hafa verið gerðar nánast frá því að dægurlagið varð til sem slíkt. Í fyrstu útgáfu *Hljómplötunýjunga* 1954 birtist slík kosning og var þar m.a. kosið um besta flytjanda, plötu og lag ársins en einnig texta- og lagahöfunda.⁴¹ Í dag hverfast skoðanakannanir fremur um hvaða lag sé vinsælast en lítið er um að hlustendur viti nákvæmlega hver samdi lag og texta. Það er helst að slíkt komi fram á viðburðum útvarpsstöðva eins og Hlustendaverðlaunum útvarpsstöðvarinnar FM957 en þess má geta að fyrr á þessu ári fékk Páll Óskar Hjálmtýsson öll þau verðlaun sem hann var tilnefndur til en geislaplata hans *Allt fyrir ástina* hverfist eins og nafnið gefur til kynna um ást.⁴² Það er mjög athyglisvert að þetta tiltekna verk hafi náð þesskonar vinsældum og má telja víst að orðræðan um ástina hafi átt sinn hlut í þeim.

Textarnir sem voru valdir henta ennfremur vel til söngs og hlustendur eiga auðvelt með að læra textana og syngja með þ.e. endurtaka orðræðuna og gera hana að sinni. Þessir dægurlagatextar hafa birst breiðum hópi almennings og eru því töluvert útbreiddir en um leið aðgengilegir. Ef flett er upp á þeim í leitarvélum á Netinu koma iðulega upp gítargrip með þeim. Þetta undirstrikar vinsældir þeirra og þörfina fyrir að fá

⁴⁰ Skoðanakönnun á <http://www.tonlist.is> og einnig erlitið til Hlustendaverðlauna FM957.

⁴¹ Karl Jóhann Garðarsson, 2002:14

⁴² Umfjöllun um Hlustendaverðlaun FM957 2008 <http://www.fm957.is/?PageID=2458>

að syngja þá en þeir eru sungnir við allskyns tækifæri þ.e. í útilegum, á mannamótum, brúðkaupum og jafnvel kenndir í tónmenntatímum í leik- og grunnskólum.⁴³

Dægurlagatextarnir í þessari ritgerð fjalla allir um ást en voru einnig valdir með hliðsjón af þversagnarkenndum fígúrum sem birtast í orðræðu þeirra. Þessi orðræða hversdagsins birtist í útbreiddri og opinberri orðræðu hins einmana elskanda sem hlustendur njóta að samsama sig við og gera að sinni með því að syngja með og endurtaka í sífellu. Þetta tengist einna helst fígúru Barthes *ósegjanleg ást* þar sem elskandinn finnur hjá sér mikla þörf til að tjá ástartilfinningar sínar í skrifuðu sköpunarverki⁴⁴ og er því handhægt fyrir hinn almenna hlustanda að grípa til tilbúinnar orðræðu ástardægurlagsins. En einnig kemur *tileinkunarfígúran* við sögu sem snýr að hverjum þeim þætti tungumálsins sem fylgir ástúðlegri gjöf eins og tileinkun ástarlags sannarlega er.⁴⁵

Orðræða dægurlagsins er huggun hins einmana og útskúfaða elskanda, staðfesting á því að hann sé ekki einn um að upplifa þessar sammanlegu tilfinningar sem eru í senn magnaðar og ógnvekjandi. Þessu lýsir ljóðmælandi í dægurlaginu „Þú komst við hjartað í mér“: „Það er munur á að vera einn og vera einmana“.⁴⁶ Það má því segja að hlustandinn sé einn að hlusta en ekki einmana þar sem hann samsamar sig ljóðmælanda textans.

Þessar fígúrir verða ekki birtar í stafrófsröð eins og í riti Barthes þar sem tilgangur þessarar ritgerðar er ekki að safna saman og gera fræðilega greiningu á sjálfum fígúrunum né heldur reyna hið ómögulega þ.e. að alhæfa hvernig fígúrunar birtast. Hér verður bent á tilveru algengra fígúra í orðræðu ástardægurlagsins þ.e. fjallað um birtingarmynd þeirra og hvað þær eiga að tjá. Ekki verður gerð tilraun til að setja þær í skipulagða uppröðun í umfjöllunum þar sem tilviljun ein ræður því hvar og hvenær þessar fígúrir birtast í fjölmiðlum. Hér á eftir má sjá heildstætt yfirlit yfir þá íslensku dægurlagatexta sem notaðir eru í ritgerðinni.

⁴³ Ástardægurlagið *Fingur* er t.d. sungið í Grunnskólanum í Búðardal:

http://www.skolatorg.is/kerfi/grsk_i_budardal/bekkir/default.asp?fllsIID=54&bk=10&typr=54&sidan=sida

⁴⁴ Roland Barthes, 1977:97

⁴⁵ Roland Barthes, 1977:75

⁴⁶ Páll Óskar Hjálmtýsson, 2007

2.2 Yfirlit yfir íslenska dægurlagatexta sem fjallað er um í ritgerðinni

Textabrot	Höfundur	Heiti lags	Ár	Fígúra
1	Stefán Hilmarsson	<i>Undir þínum áhrifum</i>	2005	Fígúra sameiningar
2	Stefán Hilmarsson	<i>Nína</i>	1991	Fígúra fjarverunnar
3	Helgi Björnsson	<i>Ég verð að fá að skjóta þig</i>	1989	Fígúra faðmlagsins
4	Sverrir Bergmann	<i>Án þín</i>	2000	Fígúra hins fjarverandi, fígúra meinlætis, fígúra biðarinnar, fígúra annars sjónarhorns, fígúra hjartans, fígúra faðmlagsins, fígúra líkamans, fígúra sjálfsásökunar, fígúra tungumáls ástarinnar, fígúra yfirlýsingarinnar, fígúra sameiningar, fígúra fyrstu kynna, fígúra hrifningar (ást við fyrstu sýn), fígúra grátsins og fígúra einsemdarinnar
6 og 19	Brynhildur Björnsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson	<i>Er þetta ást?</i>	2007	Fígúra skilnings og fígúra þjáningar
8	Magnús Eiríksson	<i>Elska þig enn</i>	1988	Fígúra ástarkallsins og fígúra sameiningar
10	Heimir Eyvindarson	<i>Hvar sem ég fer</i>	2006	Fígúra sameiningar Fígúra myrkursins
11	Heimir Eyvindarson	<i>Á þig</i>	1998	(á ekki við)
12	Einar Bárðarson og Einar Ágúst Víðisson	<i>Silicon</i>	1998	(á ekki við)
13	Þórður Breiðfjörð	<i>Fækkaðu fötum</i>	1993	(á ekki við)
14	Heimir Eyvindarson	<i>Austur-þýsk</i>	1991	(á ekki við)
15 og 24	Birgitta Haukdal	<i>Eldur í mér</i>	2001	Fígúra hjartans, fígúra tungumáls ástarinnar
16	Stefán Hilmarsson	<i>Ekkert sem breytir því</i>	1991	Fígúra yfirlýsingarinnar
17	Buttercup	<i>Endalausar nætur</i>	2000	Fígúra tileinkunar og fígúra næturinnar
18	Stefán Hilmarsson	<i>Fullkomnar mig</i>	2002	Fígúra sameiningar
20	Páll Óskar Hjálmtýsson	<i>Penisillín</i>	2007	Fígúra hins kaffærða, fígúra hörmunga, fígúra meinlætis
23	Friðrik Sturluson	<i>Hjá þér</i>	1992	Fígúra tungumáls ástarinnar
25	Andrea Gylfadóttir	<i>Ég vil brenna</i>	1993	Fígúra tungumáls ástarinnar

Eins og sést á yfirlitinu koma sömu fígúrir endurtekið fyrir. Ekki er um að ræða allar áttatíu fígúrir Barthes sem hann lýsir heldur einungis þær sem eru hvað nærtækastar hugmyndum almennings um ástina og því sem henni fylgir. Þar með geta sem flestir samsað sig þessum staðalfígúrum.

Þegar litið er til höfundanna kemur í ljós að meirihluti dægurlagatextanna eru samdir af karlmönnum. Þessir textar voru eins og áður sagði valdir eftir innihaldi en einnig eftir vinsældum og kynferði höfunda því tilviljun. En hvað ætli skýri áberandi fjarveru kvenskálda þegar litið er til vinsælla dægurlaga?⁴⁷

Grein Mavis Bayton *Women making music* er áhugavert innlegg í þessa umræðu en hún birtist í *The Popular Music Studies Reader*. Greinin fjallar um rokkónlistarsköpun ungra kvenna og er að hluta til í formi viðtala. Er þar leitast við að varpa ljósi á helstu ástæður sem liggja að baki áberandi fjarveru kvenna til að skapa og flytja rokkónlist en þær eru: efnahagur, tækjakostur/búnaður, rými, farartæki, samfélagið og kærastar/eiginmenn.⁴⁸ Ef hugsað er til íslensks veruleika þá koma allar þessar ástæður við sögu í einni stærstu tónlistarkvikmynd Íslands *Með allt á hreinu* en hún fjallar um Stuðmenn en einnig kvennahljómsveitina Gærurnar.

Efnahagur: Það kemur endurtekið fram að peningar séu ekki nein fyrirstaða hjá strákunum, t.d. þegar kemur að því að leigja flugvél í lok kvikmyndarinnar en Gærurnar leitast hins við að hafa sem mest upp úr tónleikahaldinu. Búningarnir þeirra eru allir heimagerðir en búningar strákanna aðkeyptir.

Tækjakostur/búnaður: Stelpurnar spila ekki á hljóðfæri í byrjun myndarinnar en þegar þær stofna hljómsveitina Gærurnar kemur í ljós að þær eru fullfærar um að spila á öll hljóðfærin. Þær fá hins vegar karlmann til að flytja hljóðfærin milli staða.

Rými: Á hljómsveitaræfingu í byrjun kvikmyndarinnar eru stelpurnar bakraddir. Harpa Sjöfn er sú eina sem er með sinn eigin hljóðnema en hinar standa saman við einn. Strákarnir eru dreifðir um herbergið. Þeir líta á stelpurnar sem aukahluti til skreytingar en það kemur fram í orðræðu þeirra þegar upp úr sýður.

Farartæki: Ungar konur hafa yfirleitt ekki meirapróf til að keyra stærri bifreiðar sem þarf til að flytja hljóðfæri og annan búnað á milli. Gærurnar leystu þetta með því að fá sér „vöðvatröll“ sem þær nýttu bæði sem bílstjóra og rötara.

Samfélagið: Viðtölin í greininni leiða í ljós að konunum finnast viðhorf samfélagsins vera á þá leið að konur eigi ekki að vera að „vesenast“ úti seint á kvöldin án karlmanns sér til verndar. Þetta kemur fram í orðræðu einnar Gærunnar þegar hún segir: *Já, en stelpur þeir eru strákar!* Þ.e. þar sem að þeir eru karlkyns þá eiga þeir auðveldara með að fara í hljómlaikaferð um landið. Samfélagið kemur einnig fram í titillagi kvikmyndarinnar: *Með allt á hreinu gagnvart þjóðfélaginu, laginu, gamla*

⁴⁷ Þetta má glögglega sjá ef litið er á höfunda vinsælla laga á vinsældarlista <http://www.tonlist.is>

⁴⁸ Bennett, Andy, Barry Shank og Jason Toynbee (ritstj.), 2006:347

laginu og er þar vísað til hins gamla samfélags sem Stuðmenn eru með allt á hreinu gagnvart þ.e. skoðanir í takt við feðraveldið.

Kærastar/eiginmenn : Aðalfyrirstaðan er kærastar/eiginmenn. Í kvikmyndinni vill Stinni stjórna því hvernig Harpa Sjöfn syngur og hreyfir sig. Þegar hún neitar að gera eins og hann vill segir hann skilið við hana. Mjög athyglisvert er að velta fyrir sér nafnavali á þessum tveimur persónum þ.e. Stinni (fallustenging) og Harpa Sjöfn (ástargyðjan). Stinni gengur meira segja svo langt að gera hljóðnemann að reðurtákni með handahreyfingu.

Laglínur Gæranna endurspegla ennfremur uppreisnina gegn feðraveldinu með laglínunum: *Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?* Hinar pönkuðu, öskrandi og óhefluðu Gærur eru ennfremur í fullkominni andstöðu við hina snyrtilegu og gamaldags Stuðmenn.

2.3 Og elskandinn tekur til máls og segir...⁴⁹

Textabrot 1

*Ég mun elska þig allt fram á hinstu stund. Uns ég held á feðra minna fund. En að líkum hef ég tímann fyrir mér og ég hlakka til að eyða honum með þér*⁵⁰

Ljóðmælandinn heitir því að elska ástina sína fram til dauðadags en bætir því einnig við að þau eigi eftir að njóta samverustunda þ.e. nefnir neikvæðan hlut eins og dauðann en bætir það upp með loforði um ánægjulegan tíma í jarðlífinu. Það sem er kunnuglegt við þetta textabrot er ástarjátningin og loforðið um ævarandi ást. Þetta er til umfjöllunar í áðurnefndu riti Barthes þar sem talað er um sameiningu og „Drauminn um algjöra sameiningu við ástarviðfangið“.⁵¹ Þarna eru kunnuglegar fígúrir að verki sem eru ekki aðeins skiljanlegar heldur er beinlínis óskað eftir þessum fígúrum, t.d. af þeim sem ganga í hjónaband. Þetta lag er vinsælt brúðkaupslag⁵² þar sem fígúrnar eru notaðar til að skapa réttu stemninguna og túlka tilfinningar þeirra sem eru að ganga í hjónaband.

⁴⁹ Roland Barthes, 1977:9

⁵⁰ Stefán Hilmarsson, 2005

⁵¹ Roland Barthes, 1977:226

⁵² Er t.a.m. nefnt sem vinsælt brúðkaupslag á spjallvef <http://www.brudkaup.is>

Textabrot 2

*Það er sárt að sakna einhvers. Lífið heldur áfram, til hvers?*⁵³

Ljóðmælandinn hefur orðið fyrir miklum missi en lífið stendur ekki í stað, það heldur áfram eins og ekkert hafi ískorist og spyr ljóðmælandinn sig hvernig á því stendur. Heildartextinn fjallar um drauminn um stúlkuna sem hann elskar en þar má finna djúpstæðan söknuð og frekari hugleiðingar um endanleika ástarsambandsins „Þú munt aldrei, aldrei aftur. Aldrei aftur strjúka vanga minn“. Það sem er kunnuglegt við þetta textabrot er sá mikli söknuður sem fylgir ef ástarsamband gengur ekki upp og hugleiðingar hvers vegna daglegt líf haldi áfram þrátt fyrir þennan mikla söknuð og þjáningar sem fylgir honum. Athyglisvert er að orðið „aldrei“ er endurtekið þrisvar með áráttukenndum hætti en ljóðmælandinn upplifir þetta sem yfirgefningu sem Barthes fjallar einnig um í kafla sínum um þann sem er fjarverandi en þar segir um fígúruna: „Hvaða þáttur tungumálsins sem fjallar um fjarveru ástarviðfangsins – hvaða ástæður sem svo geta verið fyrir fjarverunni og lengd hennar – og hvernig þessi fjarvera breytist í þolraun, að vera yfirgefinn“.⁵⁴

Textabrot 3

*Ég sá þig fyrir framan mig á daginn á tónleikum. Þú dansaðir svo eggjandi að ég fékk standpínu. Síðan dreymi ég þig og mig í faðmlögum*⁵⁵

Ljóðmælandinn er mjög hispurslaus og óheflaður, segir berum orðum að hann hafi orðið kynferðislega æstur við að sjá stúlkuna dansa og viðhaft draumóra eftir það. Þarna er kynferðislegri þrá eða girnd lýst en einnig ástarþrá þar sem heildartextinn snýst um að skjóta stúlkuna með ástarörvum í hjartað svo hún verði ástfangin. Það sem er kunnuglegt við þetta textabrot er ástarþráin sem þeir sem hafa orðið ástfangnir bera kennsl á og ástarörvarnar sem vekja upp hugrenningatengsl við ástarguðinn og þar sem hann hefur komið fyrir þ.e. fígúra orðræðunnar kemur fram á óteljandi stöðum og oft í markaðstengdum tilgangi og er því auðvelt að bera kennsl á þetta tákn. Einnig er kunnugleg fígúran um faðmlagið en Barthes tekur þessa fígúru fyrir í kaflanum „In the

⁵³ Stefán Hilmarsson, 1991

⁵⁴ Roland Barthes, 1977:13

⁵⁵ Helgi Björnsson, 1989

loving calm of your arms“ og staðhæfir að faðmlagið uppfylli um tíma drauma hins ástfangna um algjöra sameiningu með þeim sem hann elskar.⁵⁶

Textabrot 4

Ástin er mér lífið og því fær enginn breytt. Ég hef elskað þig svo lengi og alltaf jafn heitt. En núna ertu farin, ertu farin mér frá. Með hárið mjúkt sem silki og augun skærblá. En ég mun ekki gráta ástartárunum til þín af því ég veit að örlögin munu koma mér aftur heim til þín. Og ég vil ei vera, hér einn, án þín og ég verð hér, bíð eftir þér, en sé... ég sé ekkert. Ég verð hér þar sem að sólin rís, þar sem sólin sest, þar sem sólin skín, já og ég er þar, ég er allsstaðar. Mín ást til þín, endalaus. Og myndirnar sem þú sendir heim, eru minningar af okkur tveim, þegar allt var gott, við vorum eitt, en án þín er ég ekki neitt. Manstu þann dag er við hittumst fyrst, þú þráðir það að vera kysst, ástin blómstraði innst í hjarta mér, nú hef ég klúðrað því, þetta er bara ég. Þegar hann heldur þér, fast í örmum sér og hann elskar þig, líkt og þú elskaðir mig, ég vildi ég væri hann, þú í örmum mér. Við finnum stað þar sem ástin er. Og ég vil ei vera hér einn, án þín. Og ég verð hér, bíð eftir þér, en sé, ég sé ekkert. Ég skæri mér hjartað úr – með skeið því ég gæti ekki elska þig neitt meir. Því græt ég í nótt. Ó komdu nú fljótt, af því að ég sakna þín svo Ekki gleyma mér, ég er hér enn, ég finn svo til því innan í mér brenn. Allar minningarnar um mig og þig. Ekki gleyma þeim. Þær eru til. (viðlag).⁵⁷

Í þessum dægurlagatexta er að finna fjölmargar fígúrir Barthes:

Fígúra hins fjarverandi: „Hvaða hluti tungumálsins sem lýsir fjarveru ástarviðfangsins [...]“ sem svo leiðir af sér að elskandinn upplifir sig sem yfirgefinn.⁵⁸ Ljóðmælandinn segir að ástarviðfangið sé farið frá honum og að hann vilji ekki vera einn án elskunnar sinnar. Hann endurtekur í sífelli orðin „án þín“ til að leggja áherslu á einsemdina. Hann heldur ennfremur staðfastlega í þá trú að þau verði sameinuð á ný, biður hana að koma fljótt því hann muni finna samastað ástarinnar, þar sem þau geti sameinast á ný.

⁵⁶ Roland Barthes, 1977:104

⁵⁷ Sverrir Bergmann, 2000

⁵⁸ Roland Barthes, 1977:13

Meinlætafígúran: „Sektarkennd eða tilraun elskandans til að hrífa ástarviðfangið með vansæld sinni eða meinlætalífnaður með sjálfspytingum.“⁵⁹ Ljóðmælandinn lýsir því yfir að hann gæti skorið úr sér hjartað með skeið því hjartað hafi í raun uppfyllt hlutverk sitt, hann sé fullur af ást þ.e. segir „gæti ekki elskað þig neitt meir“. Þessi gjörningur lýsir sjálfspytingum því skeiðin er bitlaus og því miklar þjáningar sem myndu fylgja því að reyna að „skera“ hjartað úr líkamanum með henni.

Fígúra biðarinnar: „Kviði sem orsakast af bið eftir ástarviðfanginu“.⁶⁰ Ljóðmælandinn segist ekki vilja vera einn og að hann bíði eftir ástarviðfanginu, biður elskuna sína að koma eins fljótt og hún getur af því að hann sakni hennar svo mikið.

Fígúra annars sjónarhorns: „Ímynduð samræða við mótsaðila, annan aðila sem á ástarsambandi við ástarviðfangið.“⁶¹ Ljóðmælandinn nefnir „hann“ sem heldur ástarviðfanginu í örmum sér og elskar eins og ástarviðfangið elskaði ljóðmælandann. Ljóðmælandinn vill vera þessi „hann“ og að ástarviðfangið væri í faðmlögum við sig.

Fígúra hjartans: „Orðið vísar til hverskyns hreyfingar og þrár, hjartað er sett í gjafaumbúðir og er það aukaatriði hvort það sé í raun meðtekið af ástarviðfanginu eða ekki.“⁶² Ljóðmælandinn talar um eins og áður sagði að skera hjartað úr sér með skeið og er þessi yfirlýsing í n.k. gjafaumbúðum þ.e. boðið sem slíkt er gjöf til merkis um hvað ástin er mikil í hjarta hans.

Fígúra faðmlagsins: „Faðmlagið uppfyllir draum elskandans um fullkomna sameiningu við ástarviðfangið“.⁶³ Ljóðmælandinn óskar þess að vera í faðmlögum við ástarviðfangið.

Líkamsfígúran: „Sérhver hugsun, sérhver tilfinning, sá áhugi sem vaknar hjá elskandanum um hinn elskaða líkama“.⁶⁴ Ljóðmælandinn nefnir silkimjúkt hár ástarviðfangsins og skærblá augu.

Fígúra sjálfsásökunar: „Óvissuagnablik í daglega lífinu þar sem elskandinn ímyndar sér að hann hafi á einhvern hátt brugðist ástarviðfanginu og fyllist þar með sektarkennd“.⁶⁵ Ljóðmælandinn lýsir því yfir að hann hafi klúðrað ástarsambandinu og segir „þetta er bara ég“ sem gefur til kynna lítið sjálfsálit, að hann sé ómögulegur á einhvern hátt og þess vegna hafi ástarsambandið ekki gengið upp.

⁵⁹ Roland Barthes, 1977:33

⁶⁰ Roland Barthes, 1977:37

⁶¹ Roland Barthes, 1977:65

⁶² Roland Barthes, 1977:52

⁶³ Roland Barthes, 1977:104

⁶⁴ Roland Barthes, 1977:71

⁶⁵ Roland Barthes, 1977:117

Fígúra tungumáls ástarinnar: Í kaflanum um þessa fígúru fjallar Barthes um brunann sem fylgir ástinni.⁶⁶ Ljóðmælandinn segist finna svo mikið til af því að hann brenni innan í sér. Þessi bruni er tilkominn vegna ástarinnar og óttans um að ástarviðfangið gleymi honum.

Fígúra yfirlýsingarinnar: „Ástarviðfangið hefur tilhneigingu til að tala mikið um bældar tilfinningar sínar, orðræðan snýr að ástarviðfanginu, fjallar um ást hans til þess. [...] og þá glansmynd sem hann hefur af ástarsambandinu“.⁶⁷ Ljóðmælandinn talar um upphaf ástarsambandsins þegar ástin blómstraði í hjarta hans og myndir sem sýna „þegar allt var gott, við vorum eitt“. Þessi hugmynd um ástarsambandið er glansmynd þar sem sambandinu er í gegnum allan textann lýst sem hinu fullkomna ástarsambandi með engum erfiðleikum.

Fígúra sameiningar: „Elskandann dreymir um algjöra sameiningu við ástarviðfangið“.⁶⁸ Ljóðmælandinn nefnir að þau hafi verið ein heild og þráir að vera heill aftur þ.e. segir „án þín er ég ekki neitt“.

Fígúra fyrstu kynna og fígúra hrifningar (ást við fyrstu sýn): „Fígúra fyrstu kynna vísar til gleðilegra fyrstu kynna áður en erfiðleikar sambandsins byrjuðu og fígúra hrifningar vísar til hrifningarinnar sem á sér stað við ást við fyrstu sýn“.⁶⁹ Ljóðmælandinn vísar til þess þegar hann og ástarviðfangið kynntust fyrst, ástin blómstraði í hjarta hans og ástarviðfangið þráði að vera kysst þ.e. bæði merki um gagnkvæma ást.

Fígúra grátsins: „Elskandinn hefur ríka hneigð til að gráta, fígúran snýr að grátinum sjálfum og tilveru tára í því samhengi“.⁷⁰ Í fyrstu segist ljóðmælandinn ekki ætla að gráta „ástartárunum“ til ástarviðfangsins af því að hann viti að þau muni sameinast á ný. Seinna í textanum hefur hann breytt um skoðun og segir: „því græt ég í nótt“ þ.e. þegar líður á orðræðuna birtist fígúra þess sem er kaffærður og bíður lægri hlut. Hann gefst upp og grætur.

Í þessum textabrotum eru hversdagslegar hugleiðingar teknar fyrir og tekist á við tilveruna í einfaldaðri mynd. Það er hagstætt fyrir markaðinn⁷¹ sem þeim er ætlaður þ.e. textarnir eru matreiddir ofan í neytendur, hlustendur útvarpsstöðva og þá sem kaupa tónlistina. Má því ætla að umfjöllunarefnin tengist að einhverju leyti eins og áður sagði

⁶⁶ Roland Barthes, 1977:155

⁶⁷ Roland Barthes, 1977:73

⁶⁸ Roland Barthes, 1977:227

⁶⁹ Roland Barthes, 1977:197 og 188

⁷⁰ Roland Barthes, 1977:180

⁷¹ Silja Aðalsteinsdóttir, 1980:187

vinsældum og að textarnir séu samdir með það í huga að hlustendur geti skilið þá óhindrað.

2.4 Er ástin í íslenskum dægurlögum íslensk eða alþjóðleg?

Íslenskir dægurlagatextar hafa ávallt verið undir áhrifum frá erlendum straumum og stefnum enda var það erlent hernámslið sem flutti dægurtónlistina til Íslands.⁷² Í fyrstu voru vinsælir söngvarar fengnir til að syngja vinsæl bandarísk lög með íslenskum texta en með rokkbylgjunni sem síðar kom fylgdi nýsköpun. Íslenskir textahöfundar fengu það verkefni að ná hugblæ rokksins á íslensku og þar með víkka út tjáningarsviðið.⁷³ Þeir leituðust einnig við að finna íslenska samsvörun við yrkisefni bandarísku dægurlaganna t.d. Davy Crockett vs. landpósturinn íslenski en báðir tókust þeir á við náttúruöflin á harðbýlu landi.⁷⁴ Eins og sagði í fyrri kafla varð með Bítlabylgjunni ákveðin hugarfarsbreyting en tónlistarmenn lögðu sig þá fram um að semja sín lög í stíl fyrirmyndanna. Plötuútgefendum hugnaðist þetta ekki og útveguðu textahöfunda sem fengu borgað fyrir að semja einfeldningsleg ástarljóð.⁷⁵

Það er því ljóst að ástin í íslenskum dægurlögum er ekki séríslenskt fyrirbæri frekar en ástin í bókmenntasögu Íslendinga en fræðimenn hafa sett fram þá kenningu að hluti *Hávamála* sé ástarkveðskapur undir áhrifum frá rómverska ástarskáldinu Óvíð⁷⁶ og einnig má sjá áhrif franskra riddarasagna á mansöngva íslenskra rímnaskálda frá 14. öld.⁷⁷

Ástarkvæði Óvíðs voru lesin í íslenskum skólum frá 11. öld. Á 12. öld lásu námspiltar latneskan kveðskap í leyni. Í *Jóns sögu hins helga* er sagt frá slíkum leynilestri en prestlingurinn Klængur Þorsteinsson sem varð síðar Skálholtsbiskup tók til við að lesa Óvíð þrátt fyrir bann biskups.⁷⁸ Einnig er talið að til hafi verið eintak af hinu alræmda kvæði *Ars amatoria* árið 1525.⁷⁹

Uppruna hirðásta má finna í kveðskap Óvíðs en hann hafði gríðarleg áhrif á hugmyndakerfi hirðástar í riddarasögum og einnig annan kveðskap⁸⁰ en eins og áður sagði höfðu franskar riddarasögur áhrif á mansöngva síðmiðalda.

⁷² Gestur Guðmundsson, 1990:11

⁷³ GesturGuðmundsson, 1990:49

⁷⁴ Gestur Guðmundsson, 1990:50

⁷⁵ Gestur Guðmundsson, 1990:98

⁷⁶ John McKinnell, 2005:83-119

⁷⁷ Íslensk bókmenntasaga II, 2006:333-4

⁷⁸ Íslensk bókmenntasaga I, 2006:272

⁷⁹ Biskupasögur I, 2003:212

⁸⁰ John Jay Parry,1990:4 og 6

Einnig má finna erlend áhrif í „ást“ rómantíska tímabilsins. Það eru einkum þrjú lönd sem rómantíkin á rætur að rekja til þ.e. Frakkland, England og Þýskaland.⁸¹ Á Íslandi bárust rómantískar hugmyndir frá Danmörku. Því höfðu erlend kvæði, einkum frá Þýskalandi og Skandinavíu, mikil áhrif á kveðskap íslensku rómantísku skáldanna á 19. öld. Sem dæmi má taka rómantískan skáldskap Jóns Thoroddssonar en í kanónískri skáldsögu hans *Pilti og stúlku* er ekki að finna íslenska ást heldur er þar vel þekkt bókmenntagrein á ferðinni þ.e. hjarðsaga. Sagan hefst með hefðbundnum hætti hjarðsaga þ.e. með unglingum sem eru að gæta kinda.⁸² Vekur þetta upp hugrenningatengsl við mjög þekktu hjarðsögu fornaldar *Dafnis og Klói*. Hjarðsögur áttu sitt blómaskeið á Spáni og í Frakklandi endurreisnarinnar en gekk í endurnýjun lífdaga í rómantík norður-evrópskra bókmennta.⁸³

Það er því ljóst að ekki er um að ræða séríslenska ást í ástarkveðskap Íslendinga og ómögulegt að rekja uppruna þeirra hugmynda og fígúra sem koma fyrir. Algengustu fígúrunar eru þegar komnar í forn-egyptskum ástarkvæðum en ástarkveðskapurinn er eins og annar kveðskapur hluti af lífrænni heild sem gengur í endurnýjun lífdaga og breytist m.a. með frumlegum efnistöfum.⁸⁴

2.5 Dæmi um hliðstæðar fígúrir í íslenskum og enskum lagatextum

Textabrot 5 og 6

*What is love. Baby don't hurt me, don't hurt me no more*⁸⁵

*Er þetta ást? Kveljast og þjást*⁸⁶

Í þessum textabrotum sem eru bæði viðlög er spurt hvort um sé að ræða ást en um leið tíunduð áhættan sem fylgir því að vera ástfanginn þ.e. neikvæðar hliðar ástarinnar, hættan á því að vera særður og kveljast í kjölfarið. Bæði lögin eru danslög og deila sömu spurningum en minnin eru þó frábrugðin þ.e. íslenski textinn fer yfir á braut ástarjátningarinnar á meðan enski textinn endurtekur hugleiðingar um það hugarstríð sem fylgir kvalinni ást.

Barthes tekur þessa „Ég vil skilja“ fígúru til umfjöllunar í riti sínu um brotakennda umræðu elskandans í kafla þar sem fjallað er um þrá elskandans til að

⁸¹ Íslensk bókmenntasaga nr. III, 2006:253

⁸² Íslensk bókmenntasaga nr. III 2006:535

⁸³ Gottskálk Þór Jensson, 2008

⁸⁴ Gottskálk Þór Jensson, 2008

⁸⁵ Haddaway, 1993

⁸⁶ Brynhildur Björnsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson, 2007

skilja það sem er að gerast. „Skyndilega skynjar elskandinn þátt ástarinnar sem aragrúa af óskiljanlegum ástæðum og ófullkomnum lausnum. Hann hrópar upp yfir sig „Ég vil skilja (það sem er að gerast fyrir mig)!“⁸⁷ Hann vill skilja þessa „geðveiki“ líkt og í Samdrykkjunni eftir Platon þar sem Seifur skipaði Apolló að snúa andlitum hinna aðskildu mannkúla með orðunum „Reyndu að skilja geðveiki þína“.⁸⁸

Einnig er að finna aðra fígúru í þessum textabrotum eða fígúru þjáningarinnar sem Barthes lýsir sem svo: „Elskandinn er í óvissuástandi, berst með straumnum og hættur á hverju horni þ.e. hættan að vera særður, yfirgefinn eða þurfa að upplifa algjöran hrylling. Tilfinning sem hann upplifir í nafni kvíðans“.

Textabrot 7 og 8

*I'm still loving you, I'm still loving you*⁸⁹

*Og ég elska þig enn, elska þig enn*⁹⁰

Í þessum textabrotum endurtekur ljóðmælandinn með áráttukenndum hætti orðin „Ég elska þig enn/Still loving you“ en titill beggja sönglaga er sá sami þó um sitthvort tungumálið sé að ræða. Í báðum lögunum er sama minni þ.e. ást og eftirsjá, það lifir í gömlum glæðum og ljóðmælandinn gerir sér vonir um að allt verði fyrirgefið „Lifir í glóð gegnum mitt líf, straumurinn gamli skjöldur og hlíf þess sem ég fann. Ennþá ég finn hann.“ vs. „Can bring back your love someday I will be there, I will be there“. Þarna eru tvær kunnuglegar fígúrir Barthes á ferðinni, annars vegar „Ég elska þig“ fígúran sem „vísar ekki til ástaryfirlýsingarinnar þ.e. játningarinnar heldur til hinnar endurteknu tjáningar ástarkallsins“.⁹¹ Einnig fígúra sameiningar þar sem elskandann dreymir um algjöra sameiningu (og þar með sátt) með ástarviðfanginu.⁹²

Textabrot 9 og 10

*I'll go wherever you will go. Way up high or down low. I'll go wherever you will go*⁹³

*Hvar sem ég fer, hvert sem þú leiðir mig þar vil ég vera*⁹⁴

⁸⁷ Roland Barthes, 1977:59

⁸⁸ Roland Barthes, 1977:60

⁸⁹ Klaus Meine, 1984

⁹⁰ Magnús Eiríksson, 1988

⁹¹ Roland Barthes, 1977:147

⁹² Roland Barthes, 1977:227

⁹³ The Calling, 2001

Í þessum textabrotum segist ljóðmælandinn ætla að fylgja ástinni sinni hvert á land sem er. Það eina sem skiptir máli er að hann sé með henni – saman mynda þau eina heild. Textarnir eiga fleira sameiginlegt. Línurnar „Ef dimmir fæ ég hallað mér að þér“ og „To watch you, to guide you through the darkest of your days“ er hægt að túlka sem ákveðið loforð um að ljóðmælandinn muni standa með ástinni sinni í blíðu og stríðu þ.e. einnig þegar eða á brattann sækir.

Þarna er að finna áður nefnda fígúru Barthes þ.e. fígúru sameiningar en einnig fígúru myrkursins en í kaflanum „Og nóttin uppljómaði nóttina“ er fígúrunni lýst sem svo: „Hvers kyns ástand sem vekur upp hjá elskandanum myndhverfinguna um myrkur [...]“.⁹⁵

⁹⁴ Heimir Eyvindarson, 2006

⁹⁵ Roland Barthes, 1977:171

3 *Ástin í dægurlögum og fornum kveðskap*

Ástin í dægurlögum á margt sameiginlegt með ástarljóðahefðinni sem varð til í fornum kveðskap. Þar má finna sameiginleg minni og klifanir á ákveðnum fyrirbærum. Hér verða þrjú sameiginleg minni rædd þ.e. líkamleg ást, sálufélagar og ástarsjúkdómurinn.

3.1 *Líkamleg ást*

Þegar litið er til elstu varðveittra bókmenntaverka má sjá að líkami kvenna hefur löngum verið skáldum hugleikinn. Í *Gilgames kviðu* (ca. 2750-2500 f.Kr.) er sagt frá yndiskonunni Sjamat sem færir villimanninn Enkídó til siðmenningarinnar með því að tæla hann til sín með því að sýna líkama sinn og hafa mök við hann.

Veidimaðurinn í *Gilgameskviðu* gerir sér grein fyrir mætti konunnar yfir manninum en hann segir: „[...] og sýndu þessum frummanni hvers kona er megnug“.⁹⁶ Þó Enkídó sé ekki ástfanginn fær yndiskonan hann til að gleyma og skilja við dýrslega lifnaðarhætti. Af textanum má draga þá ályktun að Enkídó geti alls ekki orðið ástfanginn af Sjamat þar sem hún er nokkurs konar gleðikona með afmarkað hlutverk sem er að færa Enkídó til siðmenningarinnar með því að hafa mök við hann.

Fígúra líkamans kemur einnig fyrir í fornegyptska ljóðinu *My love is one and only*⁹⁷ en þar lýsir karlkyns ljóðmælandi elskunni sinni í þaula sjónrænt þ.e. augabrúnum, vörum, hálsi, brjóstum, handleggjum, bakhluta og lærum. En sama fígúra kemur endurtekið fyrir í íslenskum dægurlögum en þá er nánast undantekningarlaust um að ræða karlkyns ljóðmælendur/karlkyns söngvara.

Textabrot 11

*Svo sneri ég þér við og ég sá rassinn, ég sá lærin. Ég sá vinstri hægri, vinstri hægri [...]Ó, æ hvað mig langar upp á þig og þú veist að það er ekkert illa meint þó mig langi upp á þig*⁹⁸

Ljóðmælandinn snýr viðfanginu við til þess að sjá bakhlutann og lærin og má greina ákveðinn kynferðislegan undirtón. Konan vill ekkert með hann hafa og biður hann að hætta að „abbast upp“ á sig. Þrátt fyrir mútur („býð þér út að borða“) gefur hún sig ekki. Ljóðmælandinn er mjög hispurslaus um fyrirætlun sína og segist vilja hafa mök við

⁹⁶ Gilgameskviða, 1996:53

⁹⁷ John L. Foster, 2002:21

⁹⁸ Heimir Eyvindarson, 1998

hana og það sé ekkert illa meint þótt hann langi til þess. Þarna má greina gamansaman undirtón en karlmaðurinn er í ráðandi stöðu þ.e. gefur sig ekki þótt konan biðji hann um það og gefið í skyn að hún sé bráðin og karlmaðurinn veiðimaðurinn.

Textabrot 12

Ertu með silicon segðu mér satt, ég bara verð að fá að vita [...] Hey litla viltu leika, ég var að semja lag. Hey sæta viltu syngja því ég á afmæli í dag.⁹⁹

Ljóðmælandinn beinir sjónum sínum að brjóstum viðfangsins og í viðlaginu má greina ákveðinn kynferðislegan undirtón þar sem viðfangið er beðið um að „leika“.

Aðaláherslan er á hið líkamlega atgervi, það er ljóðmælandanum mikilvægt að vita hvort um sé að ræða „ekta“ brjóst, þ.e. viðhorfið er að konan er meira virði eða gjaldgengari ef þau eru af náttúrunnar hendi.

Textabrot 13

Fækkaðu fötum og sýndu mér líkamann nakinn, vertu í því sem náttúran ætlaði þér.¹⁰⁰

Ljóðmælandinn biður viðfangið að fara úr fötunum og sýna líkamann nakinn, vekur upp hugrenningatengsl við minni *Gilgameskviðu* þar sem Sjamat átti að kasta klæðum til að fá Enkídó til að hafa áhuga – hún varð að vera eins og náttúran ætlaðist til þ.e. snúa til náttúrunnar til þess að fá Enkídó til að snúa til siðmenningarinnar.

Textabrot 14

Sílikonbrjóstin senda mér auga. Fimmhundrað-kallinn segir víst ekki neitt. Ég horfi í allar áttir en það eina sem ég sé – er hún. Ég stari agndofa – gjaldþrota. Soldið sílíkon – gefur veika von en róleg og rómantísk. Hár undir höndunum – hár á leggjunum. Ég held hún sé austur-þýsk.¹⁰¹

Ljóðmælandinn fjallar um nektardansmær sem hann horfir hugfanginn á. Hann gerir sér grein fyrir því að fimm hundruð krónur séu ekki næganlega mikill peningur til að fá

⁹⁹ Einar Bárðarson og Einar Ágúst Víðisson, 1998

¹⁰⁰ Þórður Breiðfjörð, 1993

¹⁰¹ Heimir Eyvindarson, 1991

hana til að líta til sín. Hann dregst að henni þrátt fyrir að hún sé ekki staðaltýpuímynd hinnar fullkomnu konu, þ.e. það er ýjað að því að hún sé að einhverju leyti ófullkomin þar sem hún er með sílkonbrjóst og hár undir höndum og á leggjum. Þetta telst í frásögur færandi af því að það þykir ekki kvenlegt. Þetta er afsakað með þjóðerni hennar þ.e. það er talið eðlilegt að konur frá Austur Þýskalandi séu með hár undir höndum.

3.2 Sálufélagar

Barthes vísar endurtekið í *Samdrykkjuna* í riti sínu um brotakennda orðræðu elskandans. Í inngangi ritsins nefnir hann bækur sem hann notaði til hliðsjónar og var *Samdrykkjan* eitt af þeim verkum sem hann hafði lesið sem mest.¹⁰² Fjölmargar fígúrir eru útskýrðar með vísun til verksins, aðallega þær sem fjalla um elskendur sem eina órjúfanlega heild.

Platon setti fram athyglisverðar hugmyndir um ástina og uppruna mannfólksins í *Samdrykkjunni*. Þar segir Aristófanés frá uppruna mannfólksins og mætti Erosar/Cupido. Í upphafi hafi verið til þrjú kynferði manna, nokkurs konar mannkúlur sem mynduðu pör af sitthvoru kyni eða sama. Þessar mannkúlur voru sálufélagar og mynduðu heild og vildu því líklega ekki gera neitt allan daginn nema vera saman. Seifur aðskildi pörin vegna þess að þau ofmetnuðust og héldu að þau gætu lagt til atlögu við goðin. Eftir þennan aðskilnað og ákveðnar breytingar í líkamsbyggingu reikuðu mannvörurnar um heiminn í leit að sinni helft. Ef að þær voru svo lánsamar að hitta sína helft urðu þær uppfullar af samkennd, þrá og vinarþeli og jafnframt að eilífu óaðskiljanleg heild á ný. Vandinn er hinsvegar sá að Eros/Cupido reyndi að græða hið mannlega eðli með því að breyta kynfærunum svo að hvaða karl og kona sem er gætu getið saman barn til þess að viðhalda mannkyninu. Því þarf að greina á milli losta og ástar. Þessar hugmyndir koma endurtekið fram í ástarljóðahefð og má greina ákveðinn enduróm í dægurlagatextum nútímans.

Textabrot 15

Fjársgjóður falinn varst þú mér. Gleði og gull í hjarta þér. Örvandi hlýja um mig fer. Hjartað þitt hefur kveikt í mér [...]Seiðandi augun englabros. Örlitlir vængir Pétursspor. Leiðir mig áfram sýnir mér. Svífandi skal ég fylgja þér.¹⁰³

¹⁰² Roland Barthes, 1977:8

¹⁰³ Birgitta Haukdal, 2001

Í fyrra textabrotinu lýsir ljóðmælandinn hvernig hann fann fjársjóð í manneskju sem hann þekkti fyrir þ.e. hann var falinn en birtist þegar ástin kviknaði allt í einu. Í síðara textabrotinu er Eros/Cupido lýst þ.e. hann er með seiðandi augu, englabros, vængi og Pétursspor. „Svífandi“ ætlar ljóðmælandinn að fylgja honum. Þetta vekur ákveðin hugrenningatengsl við söguna í *Gullinasnanum* um Kúpídó og Psýkke en þegar Psýkke sér Kúpídó í fyrsta sinn er honum lýst sem svo: „Á gullnu höfði hans sá hún dýrlegt hárið smurt ambrósíu; yfir mjólkurhvítan hálsinn og rjóða vangana liðuðust lokkarnir í sveipum, sumir lágu svo fallega fram á ennið, aðrir héngu niður að aftan; og þeir ljómuðu svo skært að ljósið í lampanum fór að blakta. Á öxlum vængjaðs guðsins glitruðu hvítar fjaðrir eins og blóm í morgundögg.“¹⁰⁴. Það sem er sameiginlegt þessari sögu um þau og textabrotinu er að Kúpídó faldi sig fyrir Psýkke í fyrstu en hún varð samt ástafangin af honum. Hann var sem falinn fjársjóður en um leið vakti gleði í hjarta hennar. Psýkke kveikir líka óvart í Kúpídó og hann sveif á brott en hún fylgdi á eftir og að lokum fann hann.

Hér er einnig að finna fígúru Barthes þ.e. fígúru hjartans en í textanum er það sagt innihalda bæði „gleði og gull“ sem eru fýsilegir hlutir. Fígúran er gjafaviðfang og fær í „gjafaumbúðir“ gleðinnar og gullsins.¹⁰⁵

Textabrot 16

*Samt er ekkert sem breytir því, hversu heitt þetta hjarta þráir þig. Það er ekkert sem breytir því, - ekkert annað sem mig þyrstir í. Þessi sál, þessi hugur þráir þig.*¹⁰⁶

Ljóðmælandinn lýsir því yfir að ekkert geti breytt ást sinni – þrenningin hjarta, hugur og sál eru sameinuð í því að elska þessa manneskju og það er óbreytanlegt. Þarna er um að ræða fígúru Barthes sem snýr að yfirlýsingunni þ.e. elskandinn hefur ríka tilhneigingu til að tala af miklum krafti til viðfangsins og býr í leiðinni til nokkurskonar glansmynd af ástarsambandinu. Að mati ljóðmælandans getur ekkert breytt hversu heitt hann þráir ástarviðfangið, hann heldur því fram staðfastlega.¹⁰⁷

¹⁰⁴ Lúkíus Apúleius, 2001:105-106

¹⁰⁵ Roland Barthes, 1977:52

¹⁰⁶ Stefán Hilmarsson, 1991

¹⁰⁷ Roland Barthes, 1977:73

Textabrot 17

Til hvers að lifa hér án þín. Til hvers að fara á fætur. Til hvers að lifa hér án þín. Endalausar nætur. Ég veit, algjörlega ekki neitt, nema kannski eitt. Án þín, þetta er allt innantómt. Tapað ef þú ferð.¹⁰⁸

Ljóðmælandinn varpar fram þeirri spurningu hvers vegna hann ætti að halda áfram að lifa ef hann glataði ástarviðfanginu og til hvers hann ætti eiginlega að vera að fara á fætur þar sem það yrði endalaust myrkur án elskunnar sinnar. Hann lýsir því ennfremur yfir að hann viti aðeins eitt þ.e. að án elskunnar sinnar yrði lífið innantómt og „tapað“. Ljóðmælandinn lítur m.ö.o. á sig og ástarviðfangið sem órjúfanlega heild og forsendu fyrir því að lifa á þessari jörð. Þarna er um að ræða fígúru tileinkunar þ.e. ljóðmælandinn tileinkar líf sitt ástarviðfanginu¹⁰⁹ og fígúru næturinnar en ljóðmælandinn hugsar um nóttina á myndhverfan hátt.¹¹⁰

Textabrot 18

Það rofar til inni mér og lífið tekur lit. Veit nú hvað gefur mér mest, og tilverunni lit. Aldrei var sólin svo skær né fugla fegurri hljóð. Mér finnst ég skilja í dag öll heimsins ástarljóð. Þú fullkomnar mig. Ég finn að ég er annar en ég var. Þú ert við spurnum mínum lokasvar. Þú lyftir mér upp, lýsir mér leið. Ég vegsama þig. Og vonir mínar bind ég aðeins þér. Í blíðu jafnt sem stríðu fylgdu mér í huga og hér, ævinnar skeið.¹¹¹

Ljóðmælandinn hefur gert merka uppgötvun, það rofar til innra með honum og „lífið tekur lit“ þ.e. hann upplifir heiminn á allt annan hátt en áður vegna ástar sinnar á ástarviðfanginu. Vegna ástarinnar hefur hann öðlast skilning á öllum ástarljóðum sem samin hafa verið og hann meðtekur þar með orðræðu þeirra og gerir að sinni. Hann heldur svo áfram að lýsa breytingunni á sjálfum sér og segir ástarviðfangið fullkomna sig og ekki nóg með það heldur svarar það öllum spurningum hans. Hann biður jafnframt elskuna sína að vera með sér að eilífu, bæði í huga og staðbundinni nærveru. Síðasta línan vekur upp hugrenningartengsl við giftingarathöfn, líkist því sem presturinn

¹⁰⁸ Buttercup, 2000

¹⁰⁹ Roland Barthes, 1977:75

¹¹⁰ Roland Barthes, 1977:171

¹¹¹ Stefán Hilmarsson, 2002

sem giftir segir þ.e. að bindast aðeins tryggðarböndum við eina manneskju og loforðið um að vera til staðar í blíðu og stríðu. Þarna er um að ræða fígúru sameiningar þar sem draumurinn um algjöra sameiningu skín í gegnum alla orðræðuna þar sem elskandinn lítur á sig og ástarviðfangið sem eina órjúfanlega heild.¹¹²

3.3 *Stupid Cupid stop pickin' on me*¹¹³

Ástarsjúkdómurinn er mjög áberandi í allri dægurmenningu nútímans. Sér í lagi endurspeglar textagerð dægurlagatónlistar þetta eins og sjá má á dæmunum hér fyrir neðan.

Textabrot 19

*Síðan ég sá þig fyrst, allar götur síðan eyði ég deginum með þig á heilanum.
Síðan ég sá þig fyrst finnst mér ekkert annað mikilsvert merkilegt . Magnað hvað ástin getur gert . Öll tengsl við sjálfan mig rofin, af ást til þín er ég dofinn.
Hvort sem ég vaki eða sofi. Ég set engin mörk allt mitt er orðið að þínu þú heldur á hjarta mínu og nærir kvöl mína og þínu. Er þetta ást, kveljast og þjást, einskona ást, er það ást, er það ást?¹¹⁴*

Hér er ástarsjúkdóminum svokallaða lýst, ljóðmælandinn getur ekki hugsað um neitt annað en ástina sína. Það er stórkostleg breyting á persónulegum högum hans, hann hefur ekki vald yfir hugsunum, gjörðum, svefni. Hann er ofurseldur þessari ást og hinn aðilinn hefur öll völd í hendi sér. Hér birtist áður nefnd „Ég vil skilja“ fígúra, spurningin er endurtekin með áráttukenndum hætti elskandans sem þráir að skilja það sem er að koma fyrir hann.¹¹⁵

Textabrot 20

[...]Ég gefst upp. Ég get ekki meir, ekki meira. Heilagt vatn og te, hreyfir vart við mér. Ég gefst upp. Ég get ekki meir, ekki meira, ekki meir, ekki meira. Þú ert sjúkdómur og ég er með þig. Ég fékk þig daginn sem ég sá þig fyrst. Þú ert sjúkdómur og ég er með þig. Ég fékk þig daginn sem ég sá þig fyrst. Fæ mér engifer, skipti um blóð í mér, ég gefst upp, ég get ekki meir, ekki meira, ekki

¹¹² Roland Barthes, 1977:226

¹¹³ Connie Francis, 1958

¹¹⁴ Brynhildur Björnsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson, 2007

¹¹⁵ Roland Barthes, 1977:59

*meir. Ég tek óverdós vegna Rómeós, ég gefst upp, ég get ekki meir, ekki meira, ekki meir, ekki meira. Þú ert sjúkdómur og ég er með þig. Ég fékk þig daginn sem ég sá þig fyrst. Þú ert sjúkdómur og ég er með þig. Ég fékk þig daginn sem ég sá þig fyrst. Þó þú gætir hjálpa mér, ég myndi aldrei þiggja það, alveg sama hvað það er, ég er búinn að prófa það. Þó þú læsir yfir mér, þú veist það gæti engu breytt. Já, ég veit það manna best að þú mátt prófa að hringja í prest, það þýðir ekki neitt. Þú ert sjúkdómur og ég er með þig. Ég fékk þig daginn sem ég sá þig fyrst. Þú ert sjúkdómur og ég er með þig. Ég fékk þig daginn sem ég sá þig fyrst. [...]*¹¹⁶

Ljóðmælandinn segir ástarviðfangið vera sjúkdóm og að hann sé haldinn honum. Hann telur upp algeng lyf við hinum ýmsu kvillum þ.e. heilagt vatn, te, engifer, penisillín (nafnið á laginu) og jafnvel blóðskipti eða hjálp prests en segir svo ekkert af þessu gagnast. Ljóðmælandinn lýsir því jafnframt yfir að hann hafi ekki áhuga á því að vera læknaður þ.e. „þó þú gætir hjálpað mér, ég myndi aldrei þiggja það“. Þessi lína gefur til kynna að ljóðmælandinn sé sáttur við ástandið en þarna er hann í nokkurri mótsögn við sjálfan sig þar sem lagatextinn byrjar á því að lýsa yfir með árátukenndum hætti að hann gefist upp og geti ekki meira. Þarna er um að ræða fígúru Barthes sem lýsir því ástandi þegar elskandanum finnst hann vera „kaffærður og gefst upp að lokum“.¹¹⁷ Einnig er hér um að ræða fígúru hörmunganna þar sem „elskandinn upplifir ástandið sem endastöð eða blindgötu, gildru sem hann geti aldrei flúið út úr og sér sig dæmdan til algjörRAR tortímingar“.¹¹⁸

Textabrot 21

*Your Lights are on, but you're not home. Your mind is not your own. Your heart sweats, your body shakes. Another kiss is what it takes. You can't sleep, you can't eat. There is no doubt, you're in deep. Your throat is tight, you can't breathe. Another kiss is all you need.*¹¹⁹

Í þessu textabroti er fjallað um hvernig ástarsjúkdómurinn tekur yfir líkamann, hugurinn er ekki á valdi manneskjunnar lengur, líkaminn skelfur og þarna er að finna nokkurn

¹¹⁶ Páll Óskar Hjálmtýsson, 2007

¹¹⁷ Roland Barthes, 1977:10

¹¹⁸ Roland Barthes, 1977:48

¹¹⁹ Robert Palmer, 1985

enduróm frá einkennum Catúllusar og Saffó. Einnig er svefnleysi nefnt og skortur á matarlyst sem eru „sjúkdómseinkenni“ ástarsjúkdómsins svokallaða. Þörfin fyrir kossa kemur endurtekið fram hjá Catúllusi og einnig í textabrotinu, ljóðmælendur þrá einn koss til en fá samt aldrei nógu marga sbr. ljóð Catúllusar nr. 7 þar sem hann segist þurfa óteljandi kossa.

Þarna er einnig að finna fígúru sem Barthes tekur til umfjöllunar en hún vísar til tengsla og innri umræðu elskandans sem vill komast í líkamlegt samband við viðfangið sem hann þráir.¹²⁰

Textabrot 22, 23, 24 og 25

*Lord almighty, I feel my temperature rising. Higher higher. Its burning through to my soul. Girl, girl, girl. You gonna set me on fire. My brain is flaming. I dont know which way to go. Your kisses lift me higher. Like the sweet song of a choir. You light my morning sky. With burning love [...] Its hard to breath. And my chest is a-heaving.*¹²¹

*Ég vil brenna upp af ást, ég vil lifa með þér svona, ég vil gleðjast eða þjást.*¹²²

*Hjartað þitt kveikt hefur í mér. Eldur í mér. Fer að hitna brennur þú ert hér. Kviknað í mér. Hitinn magnast ef að þú ert hér.*¹²³

*Leyfðu mér, leyfðu mér að týna brotin og segðu mér hvert fór neistinn. Allt er orðið breytt. Viltu finna fyrir því hvað hjarta mitt er heitt. Ég vil brenna, ég vil brenna [...], ég vil brenna í brjósti þínu.*¹²⁴

Í þessum textabrotum er fjallað um þann mikla hita sem fylgir ástarsjúkdómnum, ljóðmælandinn er við það að brenna upp af ást. Hann nefnir einnig kossa og erfiðleika við að anda. Þessi mikli bruni er til umfjöllunar í ljóðum Catúllusar og Saffóar. Saffó talar um „brennandi þjáning“¹²⁵ og nefna þau bæði veikan loga sem hleypur um í líkama

¹²⁰ Roland Barthes, 1977:67

¹²¹ Dennis Linde, 1972

¹²² Friðrik Sturluson, 1992

¹²³ Birgitta Haukdal, 2001

¹²⁴ Andrea Gylfadóttir, 1993

¹²⁵ Saffó, 2006:216

þeirra.¹²⁶ Einnig brenna eldar glatt í ljóði nr. 35 um ástkonu vinar Catúllusar en eldarnir hafa „etið hennar innsta merg“.¹²⁷ Samskonar brunasjúkdóm er að finna í *Gullinasna Apúleiusar*:

„En þegar hjarta hennar stóð í logandi báli [...]. Með því að gera sér upp veikindi lét hún sem hjartasárið væri af líkamlegum toga. Eins og allir vita, þá eru sjúkdómseinkennin, almennt talað, eins hjá hinum ástsjúku og þeim sem þjást líkamlega: óeðlilegur fölvi, gljáandi augu, skjálfti í hnjám, svefnlausar nætur, og andvörp sem verða því dýpri sem ástarþjáningin er langærri. Í hennar tilviki hefði líka mátt halda að hún væri sóttveik af því hitinn var hár, en hún grét viðstöðulaust.“¹²⁸

Þarna er að finna fígúru grátsins, fígúru tungumáls ástarinnar og fígúru þjáningarinnar. Konan/elskhuginn er sögð gráta viðstöðulaust, hún upplifir ástarsjúkdóminn á þennan hátt og þjáist vegna hans.

Í textabrotunum er alls staðar á ferðinni fígúran sem Barthes nefnir „Tungumál ástarinnar“ en það er ástand ástúðlegrar þrár og er áður nefnt „brunaljóð“ Saffóar tekið sem dæmi.¹²⁹

¹²⁶ Catúllus þýddi verk Saffó

¹²⁷ Gottskálf ÞórJensson, 2008:14

¹²⁸ Lúkíus Apúleius, 2001:196

¹²⁹ Roland Barthes, 1977:155

Samantekt

Ástarfyrirbærið í íslenskum dægurlögum hefur verið tiltölulega lítið rannsakað til þessa. Hér hefur verið leitast við að fjalla um uppruna íslenska dægurlagsins, þróun og áhrif á aðrar bókmenntagreinar. Einnig var bent á þversagnakenndar fígúrir eins og þær koma fyrir í orðræðu íslenskra ástarsöngva.

Fjallað var um frægt rit Roland Barthes *Brotakennd orðræða elskandans*. Við fyrstu sýn virðast fígúrunar eiga upptök sín í lágkúltúrkveðskap en við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að þær eiga nánast allar uppruna sinn í klassískum bókmenntum eins og þeim sem Roland Barthes sækir dæmi sín úr.

Sömu fígúrir koma endurtekið fyrir í vinsælum dægurlögum, þær endurspegla hefðbundnar hugmyndir um ástina og gera dægurlagið vænlegra til vinsælda. Auðveldara er fyrir hlustendur að samsama sig þeim fígúrum sem þeir þekkja og gera þá orðræðu að sinni.

Ástin í íslenskum dægurlögum er ekki séríslenskt fyrirbæri frekar en ástin í bókmenntasögu Íslendinga þar sem það er í raun ómögulegt að rekja uppruna þeirra hugmynda og fígúra sem koma fyrir. Bent var á nokkra mögulega áhrifavalda.

Fjallað var um ástina í dægurlögum í tengslum við ástarljóðahefð sem varð til með fornum kveðskap, rædd voru þrjú sameiginleg minni þ.e. líkamleg ást, sálufélagar og ástarsjúkdómurinn og bent á sameiginlega þætti.

Að lokum langar mig að þakka leiðbeinanda mínum dr. Gottskálki Þór Jenssyni fyrir innblásnar hugmyndir við gerð þessarar ritgerðar.

Heimildaskrá

Ancient Egyptian Literature: An Anthology /. 2002. John L. Foster (þýð.). University of Texas Press. Austin.

Andrea Jónsdóttir. 2000. Orðið tónlist = The Word Music. Ritstjórar Davíð Ólafsson og Úlfhildur Dagsdóttir. *Dægurlagatextar – aðalatriði, aukaatriði, ill nauðsyn og allt þar á milli*. Smekkleysa. Reykjavík.

Apúleius, Lúkíus. 2001. *Gullinasni*. Erlingur E. Halldórsson þýddi og ritaði skýringar. Mál og menning. Reykjavík.

Arnór Hauksson. 2002. *Slappaðu af. Dægurlagatextar Þorsteins Eggertssonar*. Ritgerð til BA-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Barthes, Roland. 1977. *A Lover's Discourse. Fragments*. Richard Howard þýddi. Hill and Wang. New York.

Baytoll, Mavis. 2006. Women making music. Bennett, Andy, Barry Shank og Jason Toynbee (ritstj.). *The Popular Music Studies Reader*, bls. 347-354. Routledge. London og New York.

Capellanus, Andreas. 1990. *The art of courtly love; with introduction, translation, and note by John lay Parry*. Columbia University Press. New York.

Dagný Kristjánsdóttir. 2002. Ást á grænu ljósi. Fjöldaframleiddar ástarsögur hafa aldrei verið vinsælli! 19. júní. Reykjavík.

Gestur Guðmundsson. 1990. *Rokksaga Íslands 1955-1990: frá Sigga Johnnie til Sykurmólanna*. Forlagið. Reykjavík.

Gilgameskviða /. 1996. Stefán Steinsson (þýð.). Mál og menning. Reykjavík.

Goethe, Johann Wolfgang. 1987. *Raunir Werthers unga*. Gísli Ásmundsson (þýð.). Íslenski kiljukulúbburinn. Reykjavík.

Gottskálf Þór Jenson. 2008. Pdf skjal með óprentuðum íslenskum þýðingum á kvæðum *Catúllusar*.

Guðbjörg Sigurgeirsdóttir. 2007. *Dægurlög um sjómenn, frá danstónlist til baráttusöngva*. Ritgerð til BA-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Reykjavík.

Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson; ritstjóri Vésteinn Ólason. 2006. *Íslensk bókmenntasaga. I*. Mál og menning. Reykjavík

Íslensk bókmenntasaga I-V. 2006. Ritstjórar Guðmundur Andri Thorsson, Halldór Guðmundsson og Vésteinn Ólason. Mál og menning. Reykjavík.

Íslensk fornrit XV, Biskupasögur I og II, síðara bindi. 2003. Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Karl Jóhann Garðarsson. 2004. *Óþjóðleg tónlist? Viðhorf til jass- og dægurlagatónlistar 1945-1956*. Ritgerð til BA-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Margeir Gunnar Sigurðsson. 2008. *Þér ég syng litla sollna Reykjavík: Loftmynd Megasar*. Ritgerð til BA-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

McKinnell John. 2005. Hávamál B: A Poem of Sexual Intrigue, *Saga-Book 29*, bls. 83-119. Viking Society for Northern Research University College London.

Platon. 1999. *Samdrykkjan*. Eyjólfur Kjalar Emilsson (þýð.). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Háskóli Íslands

Saffó. 2006. *Ljóðaúrval í hefti Bókmenntasögu II*. Helgi Hálfðánarson (þýð.). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Silja Aðalsteinsdóttir. 1980. Konur skrifa : til heiðurs Önnu Sigurðardóttur. Valborg Sigurðardóttir o.fl. (ritnefnd): *M merkir mey sem er góð*, bls. 187-192. Sögufélagið, Reykjavík.

Sveinn Ingvi Egilsson. 2008. *Evrópsk náttúruspeki í aldanna rás*. Kennslupunktur í námskeiðinu Náttúra, maður og tækni. Háskóli Íslands.

Netheimildir:

Brúðkaup.is

Sótt 28.09.2008 frá

<http://www.brudkaup.is/>

Eggert Þór Bernharðsson. 1992. *Bókaþjóð í borg: Tengsl skáldskapar og borgarmyndunar á Íslandi 1940-1990*. Sótt 27.09.2008 frá

<http://www3.hi.is/~eggthor/bokathjodyfirlit.htm>

Elvis Presley, Burning Love lyrics:

Sótt 28.04.2008 frá

http://www.lyricsfreak.com/e/elvis+presley/burning+love_20047794.html

Grunnskólinn í Búðardal. Ýmsir söngtextar sem unnið er með í skólafinu.

Sótt 28.09.2008 frá

http://www.skolatorg.is/kerfi/grsk_i_budardal/bekkir/default.asp?flslID=54&bk=10&ty pa=54&sidan=sida

Haddaway, What is Love? lyrics:

Sótt 10.08.2008 frá

http://www.lyricsfreak.com/h/haddaway/what+is+love_10140001.html

Hið íslenska bókmenntafélag.

Sótt 28.09.2008 frá

<http://www.hib.is/bokdetail.asp?ID=36>

Robert Plant, Addicted to Love lyrics:

Sótt 28.04.2008 frá

http://www.lyricsfreak.com/r/robert+palmer/addicted+to+love_20116935.html

Scorpions, Still Loving You lyrics:

Sótt 10.08.2008 frá

http://www.lyricsfreak.com/s/scorpions/still+loving+you_20122510.html

Saga þýska-ljóðsins

Úr Wikibókunum, frjálsa kennslubókasafninu

Sótt 28.09.2008 frá

http://is.wikibooks.org/wiki/Saga_%C3%BE%C3%BDska-lj%C3%B3%C3%B0sins

Tónlist.is – Öll íslensk tónlist á einum stað.

Sótt 28.09.2008 frá

<http://www.tonlist.is/>

Umfjöllun um *Hlustendaverðlaun FM957* 2008.

Sótt 28.09.2008 frá

<http://www.fm957.is/?PageID=2458>

Dægurlagatextar

Textabrotin voru skráð þegar hlustað var á dægurlögin á [Tónlist.is](http://www.tonlist.is)

[Sjá yfirlit á bls. 13](#)

Myndefni:

Ágúst Guðmundsson (leikstjóri). 1982. *Með allt á hreinu*. Bjarmaland.

Aðrar heimildir:

Gottskálk Þór Jensson. *Tölvupóstur*. September 2008.